

í ýmsu til reglnanna um ættaróðul, en heimildarlaust er að draga þá ályktun, að hér hafi verið um stofnun óðalsbýlis að ræða, enda vantar mikið á, að reglunum um þau sé fylgt í erfðaskránni. Því verður ekki ályktað gegn skýrum orðum erfðaskrárinnar, að eftirlifandi maka landseta samkvæmt erfðaskránni sé áskilin búseta á jörðinni eftir lát hans.

Niðurstaða málsins verður því sú, að varnaraðilja sé einum af erfingjum arflátans áskilinn réttur til umráða og búsetu á jörðinni Vatnsenda.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, er áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda í Kópavogskaupstað með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1938.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 9. apríl 1968.

Nr. 33/1967. **Kristinn Jónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur
og gagnsök (Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og Guðmundur Jónsson borgardómari og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Hjónavígsla. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður, sem kveðinn var upp í skiptarétti Suður-Múlasýslu

hinn 22. desember 1966, verði felldur úr gildi og synjað verði kröfu gagnáfrýjanda um, „að svonefnt bú“ aðilja verði tekið til opinberra skipta. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er rakið í úrskurði skiptaráðanda, reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar á því, að prófessor Björn Magnússon hafi skort vald til þess að gefa aðilja saman í hjónaband, þar sem hann hafi ekki verið prestur þjóðkirkjunnar á árinu 1962. Gagnáfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að málsaðiljar hafi verið gefin saman í lögmætt hjónaband 15. september 1962, þar sem vigslumaður, prófessor Björn Magnússon, hafi hlotið prestvígslu í þjóðkirkjunni. Beri skiptarétti því að taka eignir aðilja til opinberra skipta.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 2. þ. m., til lögmanna málsaðilja. Þar segir, að lögmennirnir hafi borið fram „óskir um, að könnun yrði gerð um framkvæmdar hjónavigslur af öðrum prestvígðum mönnum en þjónandi prestum þjóðkirkjunnar innan kirkju sinnar“. Um það segir síðar í bréfinu:

„Ráðuneytið hefur átt viðræður við starfsmenn biskups-embættisins um möguleika á almennri könnun á framkvæmd á hjónavigslum með þessum hætti. Hefur biskupsembættið upplýst, að ekki muni unnt að upplýsa, svo að tæmandi verði talið, um fjölda slíkra embættisverka, þar sem ekki sé óyggjandi, að við skráningu vígslu sé ávallt getið vígslumanns, þótt hann sé annar en sá sóknarprestur, sem vígslu færir til bókar.

Ráðuneytið hefur gert nokkra könnun á færslum á hjónavigslum, þar sem athugasemd er gerð um slíkan vígslumann í ministerialbókum dómkirkjunnar í Reykjavík frá s.l. aldamótum. Kemur í ljós við þá athugun, að vígslur, þar sem slíkir vígslumenn eru skráðir, eru mjög fáar á 2 fyrstu áratugunum eftir aldamótin, þó koma þær fyrir öðru hvoru

allt árabilið, bæði fyrir og eftir útgáfu stjórnarráðsbréfs nr. 99 31. júlí 1911. Vígslumenn eru þá einkum biskupar þeir, sem í embættum eru á árabilinu (Hallgrímur Sveinsson, Þórhallur Bjarnarson, Jón Helgason), en einnig prestaskóla- og guðfræðideildarkennarar (Þórhallur Bjarnarson, Jón Helgason, Haraldur Nielsson). Einnig á þessu árabili koma til einstakar vígslur framkvæmdar af öðrum prestvígðum mönnum, utan sóknarprestsembætta (sr. Friðrik Friðriksson, sr. Kristinn Danielsson). Þá kemur enn fremur í ljós, að upp úr 1920 fjölgar slíkum vígslum töluvert. Eru þær t. d. 21 árið 1925, 20 árið 1930, 12 árið 1935. Á þessu árabili fjölgar töluvert vígslum framkvæmdum af uppgjafaprestum, og má sjá við þá athugun, að svo sem vænta má, eru slíkar vígslur fleiri þau ár, er sóknarprestar í stórum prestaköllum hafa látið af störfum og eru ernir (dæmi: sr. Jóhann Þorkelsson 1925, sr. Ólafur Ólafsson frikirkjuprestur 1930 (ekki meðt. í ofangr tölu). Allveruleg fjölgun á þess háttar vígslum hefur orðið á tímabilinu eftir 1950, og munu þær ástæður, eins og að ofan greinir, valda miklu rúman áratug. Á þessum áratugum eftir 1920 er jafnframt framhald á vígslum af hendi guðfræðideildarkennara og biskupa.

Sýnistalning hefur verið gerð af einu ári á síðastnefndu tímabili (1962) af Hagstofunni. Um þá talningu verður að hafa í huga fyrstnefndan fyrirvara um skráningu athugasemdar um vígslumann. Við þessa talningu kemur fram, að á því ári hafi á landinu verið 65 slíkar vígslur, þar af í Reykjavík 51. Hafa verður í huga, þegar bornar eru saman tölur frá þessu tímabili, að láta mun nærri, að tala hjónavígslna hafi þrefaldast frá 1920 til áranna um 1960“.

Alkunna er, að menn, sem prestvígðir hafa verið í þjóðkirkjunni, hafa oftsinnis á síðustu áratugum gefið saman hjón, þótt þeir væru ekki þjónandi sóknarprestar. Það er einnig alkunna, að slíkar vígslur hafa verið taldar hafa sömu þýðingu að lögum og vígslur, sem þjónandi sóknarprestar hafa framkvæmt, og enginn greinarmunur hefur verið á þessu gerður við búskipti. Ber því að líta svo á, að það sé venjuhelguð íslensk réttarregla, að menn, sem prestvígðir

hafa verið í þjóðkirkjunni, þótt ekki séu þjónandi sóknarprestar, geti löglega gefið saman hjónaefni. Prófessor Björn Magnússon hafði hlotið prestvígslu í þjóðkirkjunni. Aðilar þessa máls voru því gefin saman í lögmaett hjónaband 15. september 1962. Ber því að taka bú þeirra til opinberra skipta samkvæmt 7. kafla laga nr. 20/1923 og 6. kapitula laga nr. 3/1878. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Kristinn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar
og Gizurar Bergsteinssonar.**

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt leyfisbréf: „FORSETI ÍSLANDS gjörir kunnugt: að hann samkvæmt umsókn þar um leyfir hér með, að Ingibjörgu Hermannsdóttur, Háteigsvegi 22, Reykjavík, og Kristin Jónsson forstjóra, Víðivöllum, Eskifirði, megi án undanfarandi lýsingar gefa saman í heimahúsum af hverjum þeim presti, er þau þar til kjósa og þar til fá. En þjónandi prestum þjóðkirkjunnar er einum heimilt að framkvæma hjónavígsluna svo og löggiltum prestum eða forstöðumönnum annarra héraðs trúfélaga.

Vígslumenn eiga að ábyrgjast, að hjónavígslan fari löglega fram, og einnig sjá um, að ekkert það sé fyrir hendi, er hjónabandinu megi tálma að lögum.

Eftir skipun forseta Íslands. F. h. r. Baldur Möller Dóms- og kirkjumálaráðuneytið Reykjavík“. Á leyfisbréf þetta er ritað: „Gefin saman í háskólakapellunni 15. september 1962. Björn Magnússon“. Hér mun vera um að tefla Björn Magnússon prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Hinn 16. janúar 1963 undirrituðu málsaðiljar svohljóðandi skjal:

„Við undirrituð hjón, Kristinn Jónsson og Ingibjörg Hermannsdóttir, Víðivöllum, Eskifirði, sem gengum að eigast síðastliðið haust og höfum lifað saman í hjónabandi síðan og haft með okkur félagsbú að öllu leyti, gerum með okkur svolátandi

Kaupmála:

Allt hlutafé það, er við nú eigum í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h.f. og Jóni Kjartanssyni h.f., eins og það er á hverjum tíma, skal vera séreign mín, Kristins, og óviðkomandi öllum skuldbindingum félagsbús okkar, þeim er síðar verða til.

Að öðru leyti er algerlega um venjulega hjúskaparsameign að ræða.

Hlutafé þetta er kr. 250.000.00 í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h.f. og kr. 75.000.00 í Jóni Kjartanssyni h.f.“. Skjal þetta var afhent til þinglýsingar 4. febrúar 1963.

Aðiljar slitu samvistir síðla árs 1963. Hinn 25. marz 1964 veitti dómsmálaráðherra þeim „leyfi til skilnaðar að borði og sæng“. Uppskrift á búi aðilja fór fram í Reykjavík 18. marz 1964 og á Eskifirði 26. maí s. á. Hinn 30. ágúst 1965 fór lögmaður gagnáfrýjanda þess á leit við skiptaráðandann í Suður-Múlasýslu, að hann tæki bú aðilja til opinberra skipta. Aðaláfrýjandi hefur mótmælt þessari kröfu gagnáfrýjanda á þeim forsendum, að óbær vígslumaður, sem eigi hafi haft til þess þjóðfélagsvald, hafi gefið þau saman og því eigi verið að lögum stofnað til hjúskapar með þeim. Vísar hann um þetta efni til 29. gr. laga nr. 39/1921, en þar segir, að prestar þjóðkirkjunnar annist kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. Rök hans fyrir málstað sínum eru, að

það sé meginregla í lögum, að opinberir starfsmenn, sem látið hafi af starfa, hafi eigi vald til að framkvæma þau opinber verk, sem starfanum fylgja, nema þeir fái til þess sérstaka skipun. Eigi þetta ekki síður við um presta en héraðsdómara. Dóms- og kirkjumálaráðherra hafi og fyrr og síðar sett það skilyrði í hjónavígsluleyfi, að vígslan væri framkvæmd af þjónandi presti þjóðkirkjunnar. Þá skírskotar hann og til 36. gr. sömu laga, en þar segir: „Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til, að gefi saman hjón, og er sú athöfn þá ógild“.

Í máli þessu er einungis leitað úrskurðar dómstóla um það, hvort taka skuli bú aðilja til opinberra skipta. Aðiljar lifðu í sambúð, er þau töldu vera hjúskap, um nokkurt skeið og skipuðu fjármálum sínum með samningi þeim frá 16. janúar 1963, er áður getur. Þá gerði aðaláfrýjandi sameiginlegt skattframtal fyrir þau aðiljana í janúarmánuði 1963. Að svo vöxnu máli verður að meta fyrrgreindan samning gildan um fjárskipti aðilja, og er það því utan marka þessa máls að skera úr því, hvort þau hafi verið „gefin saman af öðrum en lög standa til“, sbr. 36. gr. laga nr. 39/1921.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og með tilvísun til 90. gr. laga nr. 3/1878, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur. ,

Aðaláfrýjandi, Kristinn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 30.000.00 í málskostað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Suður-Múlasýslu 22. desember 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, ber þannig að, að umboðsmaður Ingibjargar J. Hermannsdóttur, áður Víðivöllum, Eskifirði, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, beiddist þess með bréfi, dags. 30. ágúst 1965, að skiptadómur Suður-Múlasýslu tæki til opinberra skipta bú skjólstæðings hans og Kristins Jónssonar útgerðarmanns, Víðivöllum, Eskifirði, en þau fengu leyfi dómsmálaráðherra til skilnaðar að borði og sæng þann 25. marz 1964.

Uppskrift á búi þeirra fór fram í Reykjavík 18. marz 1964 og á Eskifirði 26. maí s. á. Reynt hafði verið til þrautar að skipta búinu einkaskiptum, en það ekki tekizt.

Þá er þess krafizt, að 3 óvilhallir menn utan héraðs verði kvaddir til að meta eignir búins, þar eð hætta sé á, að innan-héraðsmenn séu of kunnugir manninum til þess að vera óvilhallir.

Maðurinn, Kristinn Jónsson, tók til mótmæla gegn framgangi skiptanna, og varð því nauðsynlegt að kveða upp úrskurð um það. Gerði umboðsmaður konunnar þá þær dómkröfur, að mótmælum hans yrði hrundið og að umbjóðanda hans yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi mannsins.

Aðiljar eru ekki sammála um, hvor þeirra sé sóknaraðili og hvor varnaraðili. Til þess að auðveldara verði að rekja málið, mun framvegis aðeins rætt um „konuna“ og „manninn“, þar sem hér er fjallað um hjúskaparskipti.

Af hálfu mannsins eru þær kröfur gerðar, að hin umbeðnu opinberu skipti nái ekki fram að ganga og að konan verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Maðurinn reisir kröfu sína um synjun framgangs skiptanna á þeirri staðreynd, að prófessor Björn Magnússon, Háskóla Íslands, gaf aðilja saman, en hann er ekki lengur sóknarprestur þjóðkirkjunnar. Maðurinn telur, að þetta samrýmist ekki því orðalagi í leyfisbréfinu til undanþágu frá lýsingu með hjónaefnum, þar sem segir, að „þjónandi prestar þjóðkirkjunnar“ megi einir framkvæma hjónavígsluna. Telur hann orðalag leyfisbréfsins vera í samræmi við orðalag 29. gr. laga nr. 39/1921, „prestur þjóðkirkjunnar“, sem á sama hátt megi einir framkvæma hjónavígslu á vegum þjóðkirkjunnar.

Af þessum sökum telur hann, að ekkert hjónaband hafi stofnast milli sín og konunnar við athöfnina í Háskólakapellunni 15.

september 1962 og þar af leiðandi engin sameign með þeim.

Með vottorði Hagstofu Íslands á dskj. nr. 3 er sannað, að séra Björn Magnússon framkvæmdi téða athöfn á áðurgreindum stað og tíma. Með vottorði séra Jóns Auðuns dómprófasts frá 15. nóvember 1965 á dskj. nr. 9 er sannað, að prófessor Björn Magnússon hafði heimild til að vinna prestsverk í Reykjavík í umboði dómprófastsins.

Með leyfisbréfi á dskj. nr. 10 er sannað, að aðiljum máls þessa var veittur skilnaður að borði og sæng með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. marz 1964, og greiði maðurinn konunni lífeyri kr. 5.000.00 á mánuði frá 1. marz 1964, meðan skilnaður að borði og sæng varir.

Á dskj. nr. 11 er leyfisbréf til þess að gefa megí aðilja málsins saman án undanfarandi lýsingar í heimahúsum af hverjum þeim presti, er þau til kjósa og þar til fá. „En þjónandi prestum þjóðkirkjunnar er einum heimilt að framkvæma hjónavígsluna svo og löggiltum prestum eða forstöðumönnum annarra hérlandra trúfélaga“. Leyfisbréfið er gefið út af sýslumanni Suður-Múlasýslu þann 10. september 1962, og á það er ritað hjónavígsluvottorð Björns Magnússonar þann 15. sama mánaðar.

Af dskj. nr. 12 sést, að kaupmáli hefur verið gerður milli aðiljanna þann 16. janúar 1963. Þar segir í upphafi svo: „Við undirrituð hjón, Kristinn Jónsson og Ingibjörg Hermannsdóttir, Víðivöllum, Eskifirði, sem gengum að eigast síðastliðið haust og höfum lifað í hjónabandi síðan og haft með okkur félagsbú að öllu leyti, gerum með okkur svolátandi kaupmála“. Kaupmálinn er skráður til þinglýsingar þann 4. febrúar 1963.

Nú skulu raktar nokkuð hugleiðingar aðiljanna um málefnið.

Maðurinn telur, að samkvæmt 36. gr. laga nr. 39/1921 sé hjónaband hans og konunnar ógilt, þar eð vígslumann hafi brostið heimild til þess að gefa saman hjón. Sé þetta brostin forsenda fyrir viljayfirlýsingum gefnum í þeirri trú, að hann hafi verið í hjónabandi, og hafi því ekki stofnast félagsbú með þeim. Maðurinn telur, að kennsla í fræðum þessum í Háskóla Íslands sé í samræmi við skilning hans á málinu. Hann leggur einnig fram bréf Stjórnarráðs Íslands nr. 99 frá 31. júlí 1911, þar sem hjónaband, stofnað fyrir fyrrverandi sóknarpresti, sem framkvæmdi vígsluna í heimildarleysi, er ógilt. Áður er getið hugleiðinga hans um orðalagið „þjónandi prestar þjóðkirkjunnar“ og „prestur þjóðkirkjunnar“. Hann telur, að heimild sóknarprests til að gefa saman hjón sé algert stöðumboð og sé ekki framseljanlegt.

Þá mótmælir hann því, að venja hafi skapast um það í yfir 40 ár, að fyrrum prestar megi framkvæma prestsverk með heimild þjónandi prests á staðnum. Hann telur, að til þess að lögvenja geti helgast, þurfi hún að vera almenn, langvarandi og skýr, og mótmælir því, að þau skilyrði séu fyrir hendi, m. a. sé mjög lítið um þetta utan Reykjavíkur. Af konunnar hálfu hefði þurft að leggja fram vottorð þjóðskrárinnar um fjölda slíkra hjónavígsla, frá því að lögin nr. 39/1921 tóku gildi. Þá teflir hann fram blaðagrein dr. theol. séra Jakobs Jónssonar, sóknarprests í Reykjavík, sem lýkur með þessum orðum: „Aðalreglan á auðvitað að vera sú, að þjónandi embættismaður framkvæmi athöfnina, eins og lög gera ráð fyrir. En séu einhverjar þær ástæður fyrir hendi, sem gera það eðlilegt og nauðsynlegt, að annar prestur sé til þess kallaður, verður að kveða skýrt á um slíkt umboð. Venjan ein getur ekki gert út um slíkt atriði til lengdar . . .“ gegn umsögn biskupsins yfir Íslandi á dskj. nr. 8, dags. 14. janúar 1966, en að henni verður vikið síðar.

Enn telur hann yfirlýsingu dómprófastsins í Reykjavík um heimild hans til handa prófessor Birni Magnússyni tortryggilega, þar sem hún sé gefin svo löngu eftir á.

Hann telur ákvæði laga nr. 39/1921 um ógildingu hjónabands ekki taka til máls þessa.

Loks bendir hann á, hve þunga áherzlu löggjafinn hefur lagt á það atriði, að gildir vígslumenn einir stofni til hjúskapar, að lagt er að jöfnu, að hjónaefni hafi ekki játazt og að ógildur vígslumaður framkvæmi vígsluna. Telur engan vafa á að prófessor Björn Magnússon hafi verið ógildur vígslumaður þann 15. september 1962, en af því leiði, að hjónaband aðiljanna og þar af leiðandi félagsbú þeirra hafi aldrei verið til.

Af konunnar hálfu er á það bent, að orðalagið „þjónandi prestur“ sé ekki í lögum nr. 39/1921. Þótt það sé í leyfisbréfi til undanþágu frá lýsingu og kirkjugiftingu, hafi það enga stoð í lögum. Heldur ekki hafi hið gamla stjórnarráðsbréf, sem gefið var 10 árum fyrir setningu laga nr. 39/1921, neina þýðingu fyrir mál þetta. Bent var á, að í 27. gr. laga nr. 39/1921 sé svo fyrir mælt, að hjónaband sé lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum valdsmanni. Og í 29. gr. sömu laga segir, að prestur þjóðkirkjunnar annist kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar.

Umboðsmaður konunnar er þeirrar skoðunar, að prestur þjóðkirkjunnar, er eigi hefur verið dæmdur frá kjóli og kalli, haldi

áfram að vera prestur til dauðadags í krafti vígslu biskups til embættis. Þetta hafi verið skilið svo og framkvæmt svo í yfir 40 ár. Engin ástæða sé til að láta hæpna lögskýringu breyta þeim praxis, enda býsna afleiðingaríkt, ef ógilda ætti öll hjónabönd, er stofnuð eru fyrir slíkum vígslumönnum. Auk þess mætti furðu gegna, ef prestur ætti að missa rétt við að hljóta æðra embætti innan þjóðkirkjunnar.

Þá hefur hann borið málið undir biskup Íslands, og hefur hann látið í té bréf um það, sem lagt er fram á dskj. nr. 8. Bréfið er ítarlegt mjög, og segir þar m. a., að sá maður, sem hlotið hefur prestvígslu í þjóðkirkjunni, haldi þeim almenna rétti og ábyrgð, sem í vígslunni felst, nema sviptur sé með sérstökum dómi. Hann haldi hinu almenna umboði til að fremja kirkjulegar at-hafnir, þótt hann láti af embætti, en hann megí ekki láta til sín taka í verkahring annars prests nema samkvæmt vilja hans og eftir umboði hans. Biskup telur það vera gróna hefð hér í landi, að hjónavígslur, sem embættislausir prestar framkvæma með leyfi og í umboði viðkomandi prests, hafi fullt gildi að landslögum. Stjórnarráðsbréfið frá 1911 breyti efni sínu samkvæmt engu þar um.

Biskup fær ekki séð, að krafa um ógildi hjónabands af þeim sökum, sem hér um ræðir, hafi neina stoð í framkvæmd hjúskaparlaganna hingað til. Ekki sé kunnugt um athugasemdir úr neinni átt við gildi slíkra hjónabanda og eigi sé heldur vitað, að sóknarprestum hafi verið tilkynnt neitt um það, að þeir mættu ekki heimila prestum, sem hlotið hafa vígslu til þjónustu í þjóðkirkjunni, en látið af embætti, að framkvæma í sínu umboði prestsverk, hjónavígslur sem önnur.

Varðandi prestsverk prófessors Björns Magnússonar bendir biskup á hinar margvíslegu sömu skyldur og réttindi, sem prófessorarnir hafa eins og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar embætti sínu samkvæmt, t. d. taka þeir þátt í og eru kjörgengir við biskupskjör o. fl.

Á það er bent af umboðsmanni konunnar, að heimild og umboð til að fremja prestsverk í Reykjavík til handa Birni Magnússyni lá fyrir, sbr. vottorð dómprófastsins í Reykjavík. Þá sé það alkunnugt og því óþarfi að sanna sérstaklega, að fjöldi uppgjafa-presta hafi gefið saman hjón.

Umboðsmaður konunnar bendir einnig á, að bæði hjónin töldu sig vera að ganga í hjúskap með venjulegum og réttum lögfylgjum, þ. á m. að þau væru að stofna til venjulegs helminga-

félags um eignir sínar. Þetta verði ljóst af kaupmálanum og orðalagi hans.

Loks telur umboðsmaður konunnar, að um sé að ræða eitt af „öðrum búum en dánarbúum“, sem mælt er um í lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878, 90. gr. En um skipti á slíkum búum fari sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra.

Að framanskráðu virtu telur dómurinn, að öll atriði um stofnun hjúskapar milli aðilja máls þessa og skilnað að borði og sæng séu augljós, svo sem rakið var eftir skjölum málsins, nema að deilt er um, hvort hjúskapurinn var stofnaður fyrir vígslumanni, sem hafði heimild til þess, og að óútkljáð er um skipti á eignum aðiljanna.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið, er ljóst, að aðiljar töldu sig vera að ganga í hjónaband, þau gerðu ráðstafanir til þess að breyta lögfylgjum þess með kaupmála sínum, þau sóttu um og fengu leyfi dómsmálaráðherra til skilnaðar að borði og sæng, og þau gerðu tilraunir til að ná samkomulagi um skiptingu eigna sinna, þegar það kom til. Það er ekki fyrr en slíkar tilraunir stranda, sem farið er að vefengja gildi hjónabandsins.

Fallast verður á það með konunni, að það er alkunna, að fjöldi hjónabanda hefur verið stofnaður fyrir vígslumönnum innan þjóðkirkjunnar, sem ekki voru sóknarprestir.

Biskup Íslands staðfestir það í bréfi sínu og bendir á, að aldrei hafi gildi slíkra hjónabanda verið formlega vefengt, enda hafi komið til samþykki og umboð viðkomandi sóknarprestis.

Hann bendir einnig á, að sóknarprestum hefur aldrei verið bannað að leyfa slíkt, og verður að fallast á, að þar sem um svo algengt tilvik er að ræða, þá verður ekki tekin til greina sú staðhæfing, að „stöðuumboð sóknarprestis sé ekki framseljanlegt“. Ekki er um venjulegt framsal umboðs að ræða, heldur umboð til þess að framkvæma á starfssvæði sóknarprestis verk, sem vígður prestur hefur *almennt* umboð til að framkvæma.

Ótvírætt er, að prófessor Björn Magnússon hefur slíkt almennt umboð. Hann hefur einnig umboð og heimild dómprófastsins í Reykjavík til að framkvæma prestsverk í Reykjavík. Og honum má auk þess jafna til þjónandi presta þjóðkirkjunnar samkvæmt embætti sínu sem guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Dómurinn telur því, að hafna beri mótmælum af hálfu mannsins gegn hinum umbeðnu opinberu skiptum á félagsbúi aðilja, en

taka bú þetta til opinberra skipta samkvæmt 90. gr. laga nr. 3/1878.

Hæfilegt þykir, að maðurinn greiði konunni kr. 5.000.00 í málskostnað.

Axel V. Tulinius sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Niðurlagsorð:

Hin umbeðnu opinberu skipti á félagsbúi aðilja máls þessa, Ingibjargar Jóhönnu Hermannsdóttur og Kristins Jónssonar, skulu fram fara.

Maðurinn greiði konunni 5.000.00 krónur í málskostnað.

Fullnægja má úrskurði þessum með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1968.

Nr. 203/1967. **Landhelgisgæzlan og skipshöfn v/s Þórs**

gegn

**Skipaútgerð ríkisins og til réttargæzlu
Samvinnutryggingum.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Af hendi áfrýjanda hefur verið lögð fyrir Hæstarétt álitsgerð Ingólfs Þórðarsonar stýrimannaskólakennara, dags. 24. apríl 1968, sem er andstæð niðurstöðu hinna sérfróðu héraðsdómenda, að því er varðar færi m/s Skjaldbreiðar á siglingu til Stykkishólms eftir strand skipsins hinn 16. janúar 1962. Eins og málinu er háttað, þykir samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 rétt að veita aðiljum kost á að afla álits þriggja dómkvaddra sérkunnáttumanna, er tveir séu siglingafróðir og einn vélfróður, um, þegar gögn málsins og atvik öll eru virt, möguleika á siglingu m/s Skjaldbreiðar af strandstað